


**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Fjallabyggð



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032

Umhverfisskýrsla

3. hluti af 4

Tillaga

Apríl 2021



EFNISYFIRLIT

| | | |
|----------|---|-----------|
| 1 | SKIPULAGSGÖGN | 2 |
| 2 | UMHVERFISSKÝRSLA | 2 |
| 2.1 | AÐFERÐ VIÐ UMHVERFISMAT | 2 |
| 2.2 | UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ..... | 3 |
| 2.3 | SAMANTEKT STEFNU Í LOFTSLAGSMÁLUM..... | 8 |
| 2.4 | SAMANTEKT UMHVERFISMATS..... | 9 |
| 2.5 | UMHVERFISMAT ENDURSKOÐAÐRAR ÁÆTLUNAR | 10 |
| 2.6 | UMHVERFISMAT BREYTINGA | 15 |
| 3 | TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR | 32 |
| 3.1 | HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA PRÓUN..... | 32 |
| 3.2 | LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026 | 33 |
| 4 | HEIMILDASKRÁ | 35 |

Forsíðumynd: Jón Steinar Ragnarsson

1 SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032 er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- 1 Forsendur
- 2 Skipulagsákvæði og landnotkun
- 3 Umhverfisskýrsla
- 4 Viðaukar
 - Sveitarfélagsuppráttur. Mkv. 1:50.000
 - Tveir þéttbýlisupprættir; Ólafsfjörður, Siglufjörður. Mkv. 1:10.000

Skipulagsgögn eru dagsett í apríl 2021.

2 UMHVERFISSKÝRSLA

Endurskoðun Aðalskipulags Fjallabyggðar 2018-2030 fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í henni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem varða leyfisveitingu og eru tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Það eru:

- Fljótagöng, frá Siglufirði yfir í Fljót, um 4,7 km.
- Ólafsfjarðargöng, frá Ólafsfirði til Dalvíkur, um 8,5 km.
- Landfylling fyrir athafna- og hafnarsvæði við austurhluta Þormóðseyrar á Siglufirði, 1,5 ha.
- Landfylling fyrir athafnasvæði norðan við Norðan Austurhafnar í Ólafsfirði, 3,7 ha.
- Nýr vegur að skíðasvæðinu í Skarðsdal, um 1,4 km.
- Kláfur, um 2 km.

Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er fyrst og fremst ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif aðalskipulagsins.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.

Í umhverfisskýrslunni eru áhrif stefnu skipulagsins metin og þeim lýst auk áhrifa af stefnubreytingu frá gildandi Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

2.1 AÐFERÐ VIÐ UMHVERFISMAT

Við gerð umhverfisskýrslunnar var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa ásamt leiðbeiningum um gerð umhverfisskýrslu.

Umhverfismatið byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis í Fjallabyggð.

Áhrif stefnu landnotkunarflokka aðalskipulagsins á valda umhverfisþætti eru sett fram í mats-/venslatöflu. Þar eru þau rökstudd og metin að teknu tilliti til umhverfismiða.

Skipulagsráðgjafar ásamt starfsmönnum tæknideildar og skipulags- og umhverfisnefnd lögðu mat á breytingar skipulagsins.

○

2.2 UMHVERFISÞÆTTIR OG VIÐMIÐ

Umhverfisþættir sem hafðir eru til hliðsjónar við umhverfismat eru:

- andrúmsloft og veðurfar
- vatn og sjór
- land/sjávarbotn
- vistkerfi
- heilsa og öryggi
- hagrænir og félagslegir þættir
 - efnahagur og atvinnulíf
 - íbúabróun
 - félagslegt umhverfi
 - byggð og efnisleg verðmæti
- náttúru- og menningarminjar
- landslag

Mat á áhrifum stefnu skipulagsins á valda umhverfisþætti er unnið út frá fyrirbyggjandi grunngögnum og viðmiðum.

Tengsl áætluninnar við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er í kafla 3.

| ÁHRIF STEFNU SKIPULAGSINS Á: | VIÐMIÐ: |
|------------------------------|--|
| Andrúmsloft og veðurfar | <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026</p> <p><i>Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.</i></p> <p><i>Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.</i></p> <p>Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999</p> <p><i>Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.</i></p> <p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum</p> <p><i>Innviðir fyrir virka ferðamáta.</i> Hjóla- og göngustígar verða markvisst byggðir upp til að auka enn frekar vægi virkra ferðamáta og gera fleirum kleift að velja þá.</p> <p><i>Efling almenningsamgangna.</i> Stutt verður við almenningsamgöngur í landinu með margvíslegum hætti.</p> <p><i>Rafvæðing hafna.</i> Markvisst verður unnið að enn frekari rafvæðingu við hafnir vítt og breitt um landið</p> <p><i>Efling skógræktar.</i> Skógrækt verður eflid til að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti og efla á sama tíma lífríki. Sérstök áhersla verður lögð á aðgerðir á landi sem losar kolefni úr jarðvegi.</p> <p><i>Endurheimt votlendis.</i> Endurheimt votlendis verður eflid hér landi, sem og rannsóknir á árangri aðgerða og áhrifum þurrkunar votlendis á losun gróðurhúsalofttegunda. Ávinningurinn birtist ekki einungis í minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda heldur einnig til að mynda í bættri vatnsmiðlun og fjölbreyttara fuglalífi.</p> |

| ÁHRIF STEFNU SKIPULAGSINS Á: | VIÐMIÐ: |
|--|---|
| | <p>Verndun votlendis. Ákvæðum laga um verndun votlendis verður fylgt betur eftir og eftirlit aukið með nýrri framræslu og kröfum sveitarfélaga um framkvæmdaleyfi. Unnið verður að verkefninu í samstarfi við bændur, aðra landeigendur, sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og aðra aðila.</p> |
| <p>Vatn og sjór</p> | <p>Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns</p> <p>...að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum.</p> <p>Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns</p> <p>...að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum.</p> <p>...að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.</p> |
| <p>Vistkerfi á landi og í sjó</p> | <p>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013</p> <p>...að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.</p> <p>...að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.</p> <p>Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika</p> <p>...að vernda líffræðilega fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda.</p> <p>Bernarsamningur um verndun búsvæða</p> <p>...að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegar samvinnu þarf til að vernda.</p> <p>Ramsarsamningur um votlendi</p> <p>...Að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.</p> |

Heilsa og öryggi

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008

...að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.

Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000

Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð.

Við endurskoðun aðalskipulags skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða hættumat.

Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg

Stefnumótun mennta- og menningarráðuneytis í íþróttamálum

Aukið samráð sveitarfélaga á landsvísu um íþróttamannvirki og uppbyggingu þeirra,

Uppbygging íþróttamannvirkja taki mið af nýtingu fyrir skóla, íþróttafélög og almennig.

Að auka notkun almennings á umhverfisvænum ferðamátum sem hluta af markmiðum tengdum hreyfingu.

Hagrænir og
félagslegir þættir

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.

Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Stefnt er að hagkvæmu byggðamynstri.

Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði.

Áhersla er lögð á góðar og öruggar vegasamgöngur innan svæðis og við aðra landshluta.

Stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins.

Ferðamálaáætlun 2011-2020

Að auka arðsemi atvinnugreinarinnar.

Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörubrúun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.

Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Tryggja á gæði í byggingarlist við hönnun og framkvæmd opinberra mannvirkja.

Áhersla skal vera á heildarmynd hvers verkefnis við hönnun og skipulag opinberra mannvirkja. Leitast skal við að tryggja sem best aðgengi fyrir alla. Frágangur lands og lóða og hlutdeild listar eru órjúfanlegir þættir í heildarmynd verkefna.

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014

Að tryggja öllum jafnt aðgengi að manngerðu umhverfi.

Náttúru- og menningarminjar

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

...að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024

Náttúruminjum, landslagi og útivistarsvæðum, sem eru mikilvæg vegna lífríkis, jarðmyndana, yfirbragðs landsins eða útivistargildis, skal forðast að raska með efnistöku.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum.

Verklagsreglur um friðun húsa og byggðarmynsturs, viðhald, endur- og viðbyggingar skulu stuðla að lifandi notkun. Tryggja ber varðveislu hins byggða menningararfs með tilliti til upprunalegrar verktækni og mikilvægra sérkenna.

ÁHRIF STEFNU
SKIPULAGSINS Á:

VIÐMIÐ:

Landslag

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013

...að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarmínja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika.

2.3 SAMANTEKT STEFNU Í LOFTSLAGSMÁLUM

Stefna sveitarfélagsins í loftslagsmálum er víðtæk og kemur fram í mörgum köflum aðalskipulagsins. Í meðfylgjandi töflu eru stefnumiðin talin upp og þeim skipt í þrjá flokka eftir eðli áhrifa þeirra.

| | |
|---------------------------------------|--|
| Minni kolefnislosun | Verndun votlendis við Ólafsfjarðarvatn og í Héðinsfirði Áframhaldandi flokkun sorps til enduvinnslu og moltugerðar Rafvæðing hafna Þétting byggðar Efling innviða fyrir virka ferðamáta Bættar almenningssamgöngum milli byggðakjarna Uppsetning hleðslustöðva fyrir rafbíla |
| Aukin kolefnisbinding | Hvatning landeigenda til skógræktar |
| Aðlögun að loftslagsbreytingum | Ákvæði um lágmarkshæð gólfkóta sem viðspyrna vegna flóða |

Með eftirfylgni stefnumiðanna mun sveitarfélagið leggja sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni við loftslagsvandann.

2.4 SAMANTEKT UMHVERFISMATS

Sveitarfélagið Fjallabyggð hefur í öllum stefnum sínum unnið út frá meðvitaðri umgengni við náttúruna og vill stuðla að aukinni verndun náttúru og þjóðminja samhliða jákvæðri þróun í byggðamálum og þjónustu við íbúa s.s. með því að beita hverfisvernd á náttúru og byggð til að vernda ákveðna sérstöðu.

Leggur sveitarstjórn þunga áherslu á bættar samgöngur til aðliggjandi sveitarfélaga með nýjum jarðgöngum. Með Héðinsfjarðargöngum opnuðust samgöngur milli tveggja byggðarkjarna og hefur þjónusta aukist og búsetuskilyrði batnað. Má áætla að aukin samlegðaráhrif verði með tilstuðlan nýrra ganga til Dalvíkur og í Fljótin með stærra vinnusóknar- og þjónustusvæði.

Stefna allra landnotkunarflokka, utan óbyggðra svæða, eru taldir hafa jákvæð áhrif á umhverfispáttinn hagrænir og félagslegir þættir. Það eitt gefur þá mynd að skipulagið sé unnið til að stuðla að bættum lífskjörum íbúa og tækifærum í atvinnulífi. Auk þess kemur glögg fram að náttúrunni er sýnd virðing og hún umgengin af varkárni.

2.5 UMHVERFISMAT ENDURSKOÐAÐRAR ÁÆTLUNAR

2.5.1 MATSTAFLA

Mat á heildarstefnu aðalskipulagsins er sett fram í matstöflu þar sem áhrif á umhverfisþætti eru rökstudd og metin sem:

| | | |
|--------------------|---|--|
| jákvæð | + | Stefna aðalskipulagsins styður viðmið varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt. |
| neikvæð | - | Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum varðandi viðkomandi umhverfisþátt, stefna aðalskipulagsins hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfisþátt. |
| óveruleg | 0 | Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á (viðmið varðandi) viðkomandi umhverfisþátt. |
| óviss/háð útfærslu | ? | Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfisþátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum. |

| LANDNOTKUNARFLOKKAR | UMHVERFISÞÆTTIR | | | | | | | |
|--|-------------------------|--------------|-----------------|-----------|------------------|--------------------------------|-----------------------------|----------|
| | Andrúmsloft og veðurfar | Vatn og sjór | Land/sjávarbotn | Vistkerfi | Heilsa og öryggi | Hagrænir og félagslegir þættir | Náttúru- og menningarmínjar | Landslag |
| Íbúðarbyggð | + | 0 | 0 | 0 | + | + | 0 | 0 |
| Stefnan snýr að þéttingu byggðar sem stuðlar að að hagkvæmari landnýtingu, bættri nýtingu grunnkerfa eins og veitukerfis og gatnakerfis og bættum tengslum á milli íbúðahverfa og atvinnu- og þjónustusvæða. Það ýtir einnig undir umhverfisvænni og heilsusamlegri lífsstíl þar sem fjarlægðir henta vel gangandi og hjólandi umferð auk þess sem þétt byggð getur aukið samfélagskennd íbúa. Stefna um íbúðarbyggð er í samræmi við viðmið um andrúmsloft og veðurfar með þéttingu byggðar og markmiðum um bætt net fyrir virka ferðamáta. | | | | | | | | |
| Miðsvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Stefnt er að fjölpættri starfsemi á miðsvæðunum auk þess sem hvatt er til blöndunar byggðar s.s. með íbúðum á efri hæðum bygginga. | | | | | | | | |
| Verslun og þjónusta | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Þéttbýliskjarnarnir eru nú orðnir að einu markaðssvæði, það gefur kost á sérhæfðri verslunar- og þjónustustarfsemi sem getur verið starfrækt í öðru hvoru þéttbýlinu. | | | | | | | | |

| LANDNOTKUNARFLOKKAR | UMHVERFISÞÆTTIR | | | | | | | |
|--|-------------------------|--------------|-----------------|-----------|------------------|--------------------------------|-----------------------------|----------|
| | Andrúmsloft og veðurfar | Vatn og sjór | Land/sjávarbotn | Vistkerfi | Heilsa og öryggi | Hagrænir og félagslegir þættir | Náttúru- og menningarminjar | Landslag |
| Samfélagsþjónusta | 0 | 0 | 0 | 0 | + | + | + | 0 |
| Fjölbreytt samfélagsþjónusta hefur jákvæð áhrif á samfélagið og heilsu íbúa. Safnasvæði síldarminjasafnsins stuðlar einnig að vernd menningarminja með heildstæðu yfirbragði húsa og umhverfis. | | | | | | | | |
| Athafnasvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Stefna um athafnasvæði og áhrif hennar eru fyrst og fremst af hagrænum toga. Athafnasvæði eru að stóru leyti tengd hafnarstarfsemi enda hafa samfélögin bæði byggst upp á vinnslu henni tengdri. | | | | | | | | |
| Iðnaðarsvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Stefna um iðnaðarsvæði snýr fyrst og fremst að sorpi með aukinni flokkun og minni urðun. | | | | | | | | |
| Efnistöku- og efnislosunarsvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | ? |
| Efnisnámur koma yfirleitt til vegna framkvæmda. Það er því jákvætt fyrir byggðapróun að aðgengi að námum sé gott. | | | | | | | | |
| Ráðgerðar eru tvær landfyllingar á skipulagstímanum, á austurhluta Þormóðseyrar á Siglufirði og norðan hafnarinnar í Ólafsfirði. Með tilkomu nýrra Ólafsfjarðarganga verður þörf á að haugsetja efni sem m.a. er áætlað að geti nýst í landfyllingar. Áhrifin verða líklega tímabundið neikvæð á lífríki sjávar (umhverfisþættina <i>vatn og sjór</i> , <i>land/sjávarbotn</i> og <i>vistkerfi</i>) á meðan á framkvæmdatíma stendur og <i>landslag</i> mun breytast. Með landfyllingunum verður til landrymi fyrir athafnasvæði sem mun nýtast vel þar sem byggingarland er af skornum skammti á þéttbýlisstöðunum. Áhrif af landfyllingunum eru því metin sem jákvæð á umhverfisþáttinn <i>hagrænir og félagslegir þættir</i> . | | | | | | | | |
| Við ákvörðun um landfyllingar voru eftirfarandi kostir metni: | | | | | | | | |
| <ul style="list-style-type: none"> a) landfyllingar á þéttbýlisstöðum b) landfyllingar utan þéttbýlisstaða c) landmótun á landi | | | | | | | | |
| Ekki er talin þörf á landfyllingu utan þéttbýlisstaða. | | | | | | | | |
| Landmótun á landi felur í sér breytingu á landslagi sem e.t.v. yrði metin meiri en breytt land vegna landfyllinga. | | | | | | | | |
| Valkostir b) og c) eru því ekki taldir raunhæfir út frá landrymisþörf líkt og skipulagstillagan gerir ráð fyrir. Framkvæmdirnar munu falla undir heildarmat á umhverfisáhrifum framkvæmda við ný göng. | | | | | | | | |

| LANDNOTKUNARFLOKKAR | UMHVERFISÞÆTTIR | | | | | | | |
|---|-------------------------|--------------|-----------------|-----------|------------------|-------------------------------|-----------------------------|----------|
| | Andrúmsloft og veðurfar | Vatn og sjór | Land/sjávarbotn | Vistkerfi | Heilsa og öryggi | Hagræni og félagslegir þættir | Náttúru- og menningarminjar | Landslag |
| Frístundabyggð | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Uppbyggingu nýrra frístundahúsa eru sett takmörk við staðarval þar sem tekið skal tillit til almannahagsmuna, m.a. með því að afmarka ekki lóðir yfir göngu- og reiðleiðir og að loka ekki aðengi meðfram ám og vötnum. Einnig skal forðast að ganga á gott landbúnaðarland. | | | | | | | | |
| Afþreyingar- og ferðamannasvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Stefnan er almennt talin hafa jákvæð áhrif á mögulega þróun ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Fyrirhuguð er mögleg uppbygging kláfs, norðaustan þéttbýlisins í Ólafsfirði upp á Múlakollu. Uppbyggingin er talin vera eðlilegt framhald af núverandi snjótroðaraþjónustu og mun hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustu (umhverfisþáttinn <i>hagræni og félagslegir þættir</i>) sem einstakt aðráttarafi á landsvísu en e.t.v. neikvæð áhrif á landslag. Tindur Múlakollu er vinsæll meðal göngu- og fjallaskíðafólks m.a. vegna auðveldrar aðkomu að uppgöngusvæði, vísýnis til úthafs og jafnrar vesturvísandi skíðabrekku í snjóþungri hvilft sem í situr snjór langt fram á sumar. Aðrir valkostir fyrir kláf hafa því ekki komið til álita. Áhrif kláfs á umhverfisþáttinn <i>landslag</i> eru talin vera óveruleg eða neikvæð. 2 km langur vír með möstrum og upphafs- og endastöðvum verða alltaf sýnileg að einhverju leyti líkt og rafmagnslínur en á mjög afmörkuðu svæði. Kláfurinn yrði staðsettur á vatnsverndarsvæði. Þekkt er að skíðasvæði séu á vatnsverndarsvæðum og þar koma til verklagsreglur varðandi olíuleka og slíkt. Á verk tíma þyrfti að gæta sérstakrar varúðar en lítil hættu er á mengandi áhrifum frá kláfi sem gengur fyrir rafmagni og er staðbundinn. Áhrif kláfs á umhverfisþáttinn <i>vatn og sjór</i> eru því talin óveruleg. | | | | | | | | |
| Íþróttasvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | + | + | 0 | 0 |
| Aðgengi að góðum og fjölbreyttum íþróttasvæðum spilar stóran þátt í eflingu lýðheilsu íbúa auk þess að vera efnisleg verðmæti fyrir sveitarfélagið. | | | | | | | | |
| Kirkjugarðar og grafreitir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Kirkjugarðar þjóna ákveðnu samfélagslegu hlutverki og er jákvætt að stefnt sé að viðhaldi núverandi garða en auk þess er stefnt að leit að nýjum kirkjugarði og grafreit í Ólafsfirði. | | | | | | | | |
| Opin svæði | + | 0 | 0 | + | + | + | 0 | 0 |
| Opin svæði eru mikilvæg í eflingu lýðheilsu íbúa. Útivistarskógar eru skilgreindir sem opin svæði. Hlutverk þeirra er ekki aðeins að skapa skjól og fjölbreytt vistkerfi heldur eru þeir einnig hluti af loftslagsaðgerðum sveitarstjórnar. Stefnt er að frekari uppbyggingu opinna svæða og tengingu á milli þeirra. | | | | | | | | |

| LANDNOTKUNARFLOKKAR | UMHVERFISÞÆTTIR | | | | | | | |
|--|-------------------------|--------------|-----------------|-----------|------------------|-------------------------------|-----------------------------|----------|
| | Andrúmsloft og veðurfar | Vatn og sjór | Land/sjávarbotn | Vistkerfi | Heilsa og öryggi | Hagræni og félagslegir þættir | Náttúru- og menningarmínjar | Landslag |
| Flugvellir | 0 | 0 | 0 | 0 | + | + | 0 | 0 |
| Öryggi fylgir því að viðhalda núverandi flugvelli á Siglufirði eins og stefnt er að auk þess að hafa jákvæð áhrif á ferðapjónustu í sveitarfélaginu. | | | | | | | | |
| Hafnir | + | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Sjávarútvegur og tengdar greinar hafa verið meginstoð atvinnulífs í Fjallabyggð. Mikilvægt er því fyrir samfélagið að áhersla sé lögð á góða aðstöðu og vaxtamöguleika fyrir útgerð og hafnsækna starfsemi líkt og skipulagið gerir ráð fyrir. Stefnt er að rafvæðingu hafna sem mun hafa jákvæð áhrif á andrúmsloft og veðurfar. | | | | | | | | |
| Landbúnaðarsvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Landbúnaðarland er flokkað í skipulaginu og almennt er allri uppbyggingu beint frá góðu landbúnaðarlandi. Uppbygging á bújörðum, upp að ákveðnum mörkum, er heimiluð án formlegra breytinga á aðalskipulagi. Það er jákvætt gagnvart landeigendum þar sem það auðveldar stjórnarsýslu og gefur landeiganda svigrúm til uppbyggingar. Ákvæði um uppbyggingu íbúðarhúsa á lögbýlum hefur jákvæð áhrif á þjónustupætti sveitarfélagsins og byggðamynstur s.s. með því að ný íbúðarhús nýti sömu heimreið og núverandi hús. Ákvæði um landskipti og uppbyggingu á nýjum jörðum mun koma í veg fyrir að lögbýlum verði skipt niður í örsmáar einingar sem ekki verða rekstrarhæfar og með því að takmarka leyfilegan fjölda íbúðarhúsa eftir stærð landareigna er komið í veg fyrir þéttbýlismyndun sem ekki er fyrirhuguð af hálfu sveitarfélagsins. | | | | | | | | |
| Skógræktar- og landgræðslusvæði | + | 0 | 0 | ? | + | + | 0 | ? |
| Skógrækt almennt hefur jákvæð áhrif á andrúmsloft og skapar skjól sem er eftirsóknarvert í byggð og á útivistarsvæðum. Ný skógrækt breytir núverandi vistkerfi og skapar ný búsvæði auk þess að breyta ásynð lands. Sett eru takmörk við staðarval nýrrar skógræktar m.a. til að verja sérstæða náttúru og almanna hagsmuni. Ný skógrækt undir skilgreindum stærðarmörkum er heimil án breytingar á aðalskipulagi. Á það að hvetja landeigendur til aukinnar skógræktar. | | | | | | | | |
| Óbyggð svæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 |
| Sérstakur reitur er afmarkaður um Nesdal, Héðinsfjörð, Víkurdal, Hvanndali, Sýrdal og Fossdal. Áhersla er lögð á að vernda náttúru- og menningarmínjar svæðisins. Óleyfilegt er að planta þar framandi gróðurtegundum og ný mannvirki, önnur en göngubrýr, eru óheimil. | | | | | | | | |

| LANDNOTKUNARFLOKKAR | UMHVERFISÞÆTTIR | | | | | | | |
|---|-------------------------|--------------|-----------------|-----------|------------------|-------------------------------|-----------------------------|----------|
| | Andrúmsloft og veðurfar | Vatn og sjór | Land/sjávarbotn | Vistkerfi | Heilsa og öryggi | Hagræni og félagslegir þættir | Náttúru- og menningarmínjar | Landslag |
| Strandsvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | + | + | 0 | 0 |
| Skilgreind strandsvæði eru mikilvæg útivistarsvæði og gefa aukina fjölbreytni í útivistar- og íþróttasvæðum sveitarfélagsins. | | | | | | | | |
| Vegur, götur og stígar | + | 0 | 0 | 0 | + | + | 0 | 0 |
| <p>Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 er mat lagt á skipulagskosti jarðganga innan svæðisins. Ekki er talin þörf á að endurmeta þá kosti á aðalskipulagsstigi þar sem jarðgöng til aðliggjandi sveitarfélaga er enn talin vera brýn nauðsyn fyrir byggðalagið vegna tíðra lokana á núverandi vegum.</p> <p>Með tilkomu nýrra jarðganga mun öryggi vegfarenda aukast til muna. Einnig má gera ráð fyrir að búsetuskilyrði verði bætt og atvinnulíf eflist.</p> <p>Stefnt er að bættum almenningssamgöngum og bættu kerfi göngu- og hjólréiðastíga sem mun hvetja íbúa til hreyfingar og er í samræmi við viðmið um andrúmsloft og veðurfar.</p> | | | | | | | | |
| Veitur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | + | 0 | 0 |
| Stefnt er að koma aukinni raforku í sveitarfélagið með tilkomu Blöndulínu 3 til Akureyrar. Stöðugt er unnið að bættum veitukerfum til að tryggja íbúum góð lífsskilyrði og atvinnulífi góða samkeppnismöguleika. | | | | | | | | |
| Náttúruvernd | 0 | + | + | + | 0 | + | + | + |
| <p>Sveitarfélagið er að stórum hluta á náttúruminjaskrá. Sérstaða þess er fjallendið með djúpum dölum og jöklum. Stefna sveitarfélagsins er að nýta sérstöðuna sem aðdráttarafli bæði til uppbyggingar atvinnulífs og sem hluta lífsgæða.</p> <p>Mikilfenglegu fjallendi geta einnig fylgt ógnir s.s. ofanflóð. Engin hættusvæði eru í byggð og takmörkuð landnýting er á þekktum hættusvæðum.</p> <p>Ólafsfjarðarvatn er sérstætt náttúrufyrirbrigði og verndun þess stuðlar að fjölbreyttu vistkerfi.</p> | | | | | | | | |
| Vatnsvernd | 0 | + | + | + | + | + | + | + |
| <p>Verndun vatns felur í sér verndun vatnsbóla til fjalla og verndun strandsvæða. Stefnan felur í sér öryggi um hreint drykkjarvatn og hreinar strendur, bæði fyrir menn/dýr og gróður.</p> <p>Strendur eru búsvæði dýra og gróðurs auk þess að vera útivistarsvæði. Hreinar strendur eru hluti af bæjarmynd þéttbýlisstaðanna og landslagseigindi sem er eftisóknarvert til útivistar.</p> | | | | | | | | |
| Hverfisvernd | + | + | 0 | + | 0 | + | + | 0 |
| Hverfisvernd er á þremur svæðum. Á Þormóðseyri er verið að vernda gömlu bæjarmyndina, á Kleifum er verið að vernda búsetulandslag frá fyrri tíð og á Ólafsfjarðarvatni og ósum árinna er verið að vernda votlendi, lífríki og vistkerfi. Stefna um verndun votlendis styður viðmið um andrúmsloft og veðurfar. | | | | | | | | |

2.6 UMHVERFISMAT BREYTINGA

Mat hefur verið lagt á þær meginbreytingar landnotkunar sem settar eru fram í endurskoðuðu skipulagi frá Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

FRÍSTUNDABYGGÐ F12 VIÐ HÓLSDAL Í SKARÐSDAL, 12,5 HA, ER FELLD ÚT


Ekki er talin þörf á nýrri frístundabyggð. Lausar lóðir eru t.a.m. í frístundabyggðinni á Saurbæjarási sem er skammt frá. Svæðið, nú merkt 111 L, verður áfram nýtt til landbúnaðar og er skilgreint í flokk L2, ræktað land, tún, akrar og beitahólf.

Áhrif af breytingunni eru jákvæð þar sem núverandi landbúnaðarland verður ekki brotið upp fyrir önnur landnot.

FRÍSTUNDABYGGÐ F13 Í JAÐRI SKÓGRÆKTAR Í HÓLSDAL ER FELLD ÚT


Skipulagður hefur verið og byggður golfvöllur á svæðinu, 114 ÍP. Forsendur fyrir frístundabyggðinni eru því ekki lengur til staðar.

Áhrif af breytingunni eru óveruleg.



F12 og F13


Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur


SKOTÆFINGASVÆÐI Ú2 VIÐ MÁNÁ ER FELLT ÚT

Áhrif af breytingunni eru óveruleg.



Ú2

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
sveitarfélagsuppdráttur




Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppdráttur

LANDFYLLING L1 FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU Í ÓLAFSFIJARÐARVATNI, 8 HA, ER FELLD ÚT


Landfyllingin, sem átti að vera úr efni úr Héðinsfjarðargöngum, var talin geta skapað margvísleg tækifæri til eflingar samfélagsins. Efni úr göngunum var losað annars staðar og ekki er lengur talin þörf á svo stórum reit fyrir verslun og þjónustu. Reitur, nú merktur 137 VP, hefur verið minnkaður og er skilgreindur á núverandi landi.

Áhrif af breytingunni eru talin jákvæð þar sem ekkert risk vegna efnislosunar verður á lífríki Ólafsfjarðarvatns sem er á náttúruminjasrá.



L1

*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppdráttur*




137 VP

*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppdráttur*

FRÍSTUNDAFYGGÐ F4 VIÐ HÓLKOT ER MINNKUÐ

Ekki er talin þörf á eins mikilli stækkun á frístundasvæðinu við Hólkot og ráðgert var. Svæðið, nú merkt 150 F, er minnkað og gert er ráð fyrir allt að 26 hús á í endurskoðuð skipulagi.

Breytingin er talin vera óveruleg.



F4

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur




150 F

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA Þ1 ER FELLD ÚT


Ekki er talin þörf á að byggja upp verslun og þjónustu utan þéttbýlismarka.

Breytingin er talin vera jákvæð fyrir byggðapróun, andrúmsloft og heilsu þar sem stefnt er að því að verslun og þjónusta byggist upp í göngufæri frá heimilum og vinnustöðum.



Þ1

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur

STRANDSVÆÐI 133 ST Í BOTNI ÓLAFSJARÐAR, 202 ST NEÐAN HVANNEYRARBRAUTAR Á SIGLUFIRÐI, 301 NORÐAN ATHAFNASVÆÐIS Í ÓLAFSFIRÐI


Strandsvæði er nýr landnotkunarflokkur. Með skilgreiningunni er verið að tryggja aðgengi almennings að sjó.

133 ST er í botni Ólafsfjarðar við íþróttasvæði hestamanna og moto-cross svæði, þekkt undir nafninu Sjósandur. Þetta svæði er oft notað af fólki sem stundar sjósund og brimbretti.


202 ST er á Siglufirði á norðanverðri Þormóðseyri og norður eftir firðinum. Sjónvörn afmarkar svæðið frá annarri landnotkun.

301 ST er norðan athafnasvæðis í Ólafsfirði. Um er að ræða klettaströnd með grýttri fjöru.

Með skilgreiningunni eru svæði tyggð sem útivistarsvæði við sjó og umhverfisáhrif því jákvæð á umhverfisþættina heilsu og félagslegir þættir.




*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur Ólafsfjarðar*




133 ST


*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur*




Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppdráttur Siglufjarðar



202 ST
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
þéttbýlisuppdráttur Siglufjarðar



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppdráttur, Ólafsfjörður




301 ST
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
þéttbýlisuppdráttur, Ólafsfjörður


HVERFISVERNDARSVÆÐI 421 HV Á ÓLAFSFJARÐARVATNI

Lífríki votlendis ber að vernda og því er hverfisvernd sett á Ólafsfjarðarvatn, ós og bakka þess og votlendi sunnan þess.

Skipulagsstefnan er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfispáttinn vistkerfi.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur Ólafsfjarðar




421 HV

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur


EFNISLOSUNARSVÆÐI 117 E Í HÓLSDAL

Efnislosunarsvæði í tengslum við Fljótagöng er komið fyrir framan við fyrirhugaðan gangnamunna.

Áhrif breytingarinnar eru taldar óveruleg þar sem efni verður geymt til síðari nota og mun að lokum hverfa.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur Siglufjarðar



117 E

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur

LANDFYLLING L2 FYRIR HAFNARSVÆÐI NORÐAN ÞORMÓÐSEYRAR, 23 HA, ER FELLD ÚT


Gert var ráð fyrir stórri landfyllingu vegna mögulegrar uppbyggingu á þjónustu við Norðurslóðasiglingar og þjónustu við olíuleit við Austur-Grænland. Sveitarfélagið hefur ekki þessa framtíðarsýn lengur og telur ekki þörf á landfyllingu norðan við Þormóðseyri.

Áhrif af breytingunni eru talin jákvæð þar sem fallið er frá umfangsmikilli matsskyldri framkvæmd.



L2

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
sveitarfélagsuppráttur




Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
þéttbýlisuppráttur Siglufjarðar

LANDFYLLING L4 FYRIR HAFNARSVÆÐI NORÐAN LEIRUTANGA, 1 HA, ER FELLD ÚT


Ekki er talin þörf á auknu landrými á hafnarsvæðinu.

Áhrif af breytingunni eru talin jákvæð á umhverfisþáttinn land/sjávarbotn.



L4


*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur, Siglufjörður.*




*Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
þéttbýlisuppráttur, Siglufjörður.*

AFMÖRKUN MIÐBÆJARSVÆÐIS 213 M ER AÐLAGAÐ AÐ NÚVERANDI AÐSTÆÐUM

Reitur athafnasvæðis stækkar enda er starfrækt þar starfsemi sem fellur undir þann flokk. Umhverfið er snyrtilegt og getur starfsemin á svæðinu falið í sér sölu á afurðum o.þ.h. sem fellur vel að miðbæjarstarfsemi. Áhrif breytingarinnar eru óveruleg.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, þéttbýlisuppdráttur, Siglufjörður.



213 M og 217 AT

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, þéttbýlisuppdráttur, Siglufjörður.

ÍBÚÐARSVÆÐI NORÐAN NÚVERANDI BYGGÐAR Í ÓLAFSFIRÐI ER MINNKAÐ

Reitur 303 ÓB er framtíðar íbúðarsvæði en ekki er talin vera þörf fyrir hann á skipulagstímanum. Áhersla er lögð á að fylla í skörð í núverandi byggð.


Í skipulaginu þarf að vera svigrúm fyrir byggingu a.m.k. 140 íbúða á skipulagstímabilinu (sjá forsendur). Eðlilegt er að hafa svigrúm fyrir fleiri íbúðir bæði til þess að hafa viðbúnað við óvæntri eða ófyrirséðri þróun og vegna þess að staðhættir kalla á að aðalskipulagið sýni fullbyggða bæi út frá núverandi stöðu. Skipulagið sýnir þannig fullnýtingu lands innan núverandi marka óháð því hversu langan tíma sú uppbygging tekur.

Áhrif breytingarinnar eru óverulegar.


NÝ LANDFYLLING 328 E FYRIR ATHAFNASVÆÐI NORÐAN HAFNARINNAR Í ÓLAFSFIRÐI, 3,7 HA

Stefnt er að auka landrými fyrir athafnasvæði norðan hafnarinnar í Ólafsfirði með efni sem fyrirhugað er að komi úr nýjum Ólafsfjarðargöngum. Framkvæmdin mun falla undir heildarmat á umhverfisáhrifum framkvæmda við ný göng.

ATHAFNASVÆÐI 302 OG 304 ERU STÆKKUÐ OG FELLD AÐ LANDI




Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, þéttbýlisuppráttur, Ólafsfjörður




*303 ÓB, 302 AT, 304 AT og 328 E
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, þéttbýlisuppráttur, Ólafsfjörður*

AFMÖRKUN MIÐBÆJARSVÆÐIS 309 M ER AÐLAGAÐ AÐ NÚVERANDI AÐSTÆÐUM

Miðbæjarreitir er minnkaður og reitir fyrir athafnasvæði og opið svæði skilgreindir. Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur, Ólafsfjörður




309 M
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
þéttbýlisuppráttur, Ólafsfjörður

ÍBÚÐARSVÆÐI 319 ÍB VAR ÁÐUR SKILGREINT SEM SVÆÐI FYRIR SAMFÉLAGSPJÓNUSTU

Reiturinn er óbyggt svæði og hefur ekki verið ráðstafað til sérstakrar samfélagsþjónustu. Það er talið álitlegt íbúðarsvæði í þegar byggðu íbúðarhverfi. Áhrif stefnubreytingarinnar eru talin óveruleg.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
þéttbýlisuppráttur, Ólafsfjörður




319 ÍB
Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
þéttbýlisuppráttur, Ólafsfjörður


TENGIBRAUT MEÐFRAM HAFNARSVÆÐI Á ÞORMÓÐSEYRI OG AUSTAN HVANNEYRARBRAUTAR Á SIGLUFIRÐI ER FELLD ÚT

Ekki er talin þörf á útbúa nýja tengibraut þar sem fallið hefur verið frá áætlun um landfyllingu norðan Þormóðseyrar. Í dag eru Túngata og Hvanneyrarbraut tengibrautir og fyrirséð að þær geti sinnt því hlutverki áfram. Strandlínan austan byggðarinnar við Hvanneyrarbraut verður skilgreind sem strandsvæði.

Áhrif af breytingunni eru talin jákvæð þar sem ekkert risk verður á náttúrulegri strandlínu.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, þéttbýlisuppdráttur, Siglufjörður.




Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, þéttbýlisuppdráttur, Siglufjörður.


EFNISNÁMA 163 E Í SKARÐSDAL OG BREYTT VEGLÍNA

Þörf er á að færa veg og byggja upp nýjan skíðaskála á skíðasvæðinu í Skarðsdal sökum snjóflóðahættu. Efni úr námunni verður notað í fyllingu í veg- og bílastæði.

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á umhverfisþættina *heilsu og öryggi* og *hagræna og félagslega þætti*. Áhrif á *landslag* og *vistkerfi* eru óveruleg sökum smæðar. Vanda skal til verka við frágang námu að vinnslutíma loknum í samræmi við lög um landgræðslu nr. 155/2018.



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028,
sveitarfélagsuppráttur.



163 E

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032,
sveitarfélagsuppráttur.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN

Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar sem geta átt við skipulagsáætlunina (kaflanúmer eiga við forgangsmarkmiðin):¹

6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að lágmarka allan úrgang og minnka umfang sorps sem fer til urðunar. Fráveita verður leyst eftir bestu tæknilegu lausn hvers tíma og í takt við þær kröfur sem gerða eru.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.

Vatnsverndarsvæði eru skilgreind við bæði þéttbýlin auk strandverndar í fjörðunum þremur og vatnsvernd á Héðinsfjarðarvatni og Ólafsfjarðarvatni.

11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði...

Fjallabyggð leggur áherslu á skipulag fyrir litlar og meðalstórar íbúðir til að mæta þörfum ólíkra hópa í sveitarfélaginu og gefa íbúum kost á húsnæði við hæfi. Sveitarfélagið er með félagslegt húsnæði og búsetustuðning fyrir þá sem á þurfa að halda.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

Fjallabyggð er að stórum hluta á náttáurumínjaskrá auk vatnsverndar, hverfisverndar og sérstakra ákvæða sem stuðla að aukinni vistvernd s.s. í Héðinsfirði.

Fornminjar hafa verið skráðar og við ákvörðun um breytta landnotkun, s.s. skógrækt skal tekið tillit til þekkra fornminja og sérstakra jarðmyndana og vistkerfa.

Hverfisvernd er á hluta Þormóðseyrar á Siglufirði þar sem áhersla er á að vernda götumynd við elstu hús bæjarins.

11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.

Aðalskipulagið styður við markmiðið með áætlun um bættar samgöngur til og frá sveitarfélaginu.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Skógrækt í litlum skala verður heimil án breytingar á aðalskipulagi en sett eru almenn ákvæði við val á svæðum. Er þetta gert til að hvetja landeigendur til eigin skógræktar án íþyngjandi stjórnýsluvinnu.**15.9**

Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.

¹ Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar (skoðað okt. 2019).

Í aðalskipulaginu er Héðinsfjörður ásamt útdölum skilgreindur sem sérstakur reitur með sérákvæðum sem snúa að vernd vistkerfis og ásynd lands. Einnig hefur verið skilgreint hverfisverndarsvæði sem nær yfir Ólafsfjarðarvatn, bakka þess og votlendi sunnan þess m.a. til verndar vistkerfis.

3.2 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun² og skilvirkri áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands.

Eftirtaldar áherslur landsskipulagsstefnu eiga við aðalskipulag Fjallabyggðar og styður stefna aðalskipulagsins þessar áherslur:

2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi: „Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.“

Sveitarfélagið er nærri að öllum hluta á náttúruminjasrá. Ferðaþjónusta hefur byggst upp bæði vegna þeirrar náttúruupplifunar sem svæðið býður uppá og vegna ríkrar sögu sem endurspeglast í byggðinni. Í skipulaginu er lögð áhersla á að vernda þá sérstöðu sem svæðið hefur s.s. með ákvæðum um eyðidalinn Héðinsfjörð og hverfisvernd á Kleifum.

2.8 Skipulag með tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga: „Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvára og loftslagsbreytingum.“

3.7 Náttúruvára og loftslagsbreytingar: „Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvára og loftslagsbreytinga.“

Tekið er mið af hækkun sjávarborðs og landsigs auk hættumats vegna ofanflóða í skipulaginu. Einnig er haft í huga að snjóflóð sem falla í sjó geta valdið sjávarflóði handan fjarðarins.

Útgefnu hættumati vegna ofanflóða er fylgt við afmörkun íbúðar-, frístunda- og hesthúsasvæða.

Gerð er grein fyrir takmörkunum á landnotkun vegna náttúruvára.

Skógrækt í litlum skala verður heimil án breytingar á aðalskipulagi en sett eru almenn ákvæði við val á svæðum. Er þetta gert til að hvetja landeigendur til eigin skógræktar án íþyngjandi stjórnsýsluvinnu.

3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis: „Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.“

Í aðalskipulaginu eru áframhaldandi áform um þéttingu byggðar enda undirlendi í sveitarfélaginu af skornum skammti. Því er mikilvægt að nýta vel það byggingarland sem er að finna innan þéttbýlismarka og er áhersla lögð á að deiliskipuleggja auðar lóðir í þegar byggðum hverfum.

3.3 Gæði hins byggða umhverfis: „Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og

² Sjálfbær þróun er þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Slík þróun snýst um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi eflað fyrir alla jarðarbúa til langs tíma. Í stað orðsins *sjálfbær* má oft nota orðin *haldbær* eða *burðugur*.

sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.“

Áhersla er á að hæð nýrra húsa, útlit og hlutföll verði í takt við aðliggjandi byggð. Góðar tengingar verði inn á stígakerfi sveitarfélagsins.

Útivistarsvæði innan og í grennd við byggðina eru fjölbreytt og eiga að ná til allra aldurshópa. Lögð er áhersla á gott aðgengi að og um þau. Þetta eru strandsvæði, opin svæði, skógræktarsvæði og ýmis íþróttasvæði s.s. skíðasvæði, golfvöllir, íþróttavöllir og svæði fyrir hestaíþróttir.

3.5 Sjálfbærar samgöngur: „Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.“

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum jarðgöngum, þ.e. frá Siglufirði yfir í Fljótin og frá Ólafsfirði til Dalvíkur. Þannig verði stuðlað að greiðum samgöngum allt árið um kring sem styrkt getur byggðina með stærra vinnusóknar- og þjónustusvæði.

Boðið er upp á skóla- og frístundaakstur virka daga á milli byggðarkjarna sveitarfélagsins fyrir nemendur og starfsmenn grunnskóla, almenningi er frjálst að nota ferðirnar ef pláss er í bílnum. Einnig ekur Strætó milli Fjallabyggðar og Akureyrar nokkrar ferðir á dag á virkum dögum og eina ferð um helgar. Endurskoðun á skipulagi ferða er reglulega í gangi með það að markmiði að bæta almenningssamgöngur á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar á hagkvæman máta.

Göngustígakerfi í þéttbýliskjörnunum er þétt og skilvirkt. Að ganga og hjóla ætti því að vera eftirsóknarverðari samgöngumáti en einkabíllinn til að fara stuttar vegalengdir enda hámarkshraði innan þéttbýlis 40 km/klst.

4 HEIMILDASKRÁ

Upplýsingar frá stofnunum og fyrirtækjum:

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Hagstofa Íslands

Veðurstofa Íslands

Vegagerðin

Minjastofnun

Byggðastofnun

Landbúnaðarháskóli Íslands

Þjóðskrá Íslands

Lög og reglugerðir:

Reglugerð um hávaða

Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða

Reglugerð um loftgæði

Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns

Skipulagslög

Skipulagsreglugerð

Lög um mat á umhverfisáhrifum

Lög um menningarminjar

Lög um náttúruvernd

Lög um umhverfismat áætlana

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2021). *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar.*

Ágústa Edwald o.fl. (2006). *Fornleifaskráning í Ólafsfirði.* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I.* Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir ritstj. (2008). *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II.* Fornleifastofnun Íslands.

Bjarni Jónsson (2001). *Veiðimálastofnun,* Reykjavík.

Byggðastofnun. (2014). *Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða 2014.*

Ferðamálastofa Íslands. (2011). *Ferðamálaáætlun 2011-2020.*

Hagtíðindi 2013:2, 22. ágúst 2013. *Spá um mannfjölda 2013-2060.*

Landsskipulagsstefna 2015-2026. Þingsályktun samþykkt af Alþingi 2016.

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2018-2066, niðurbrot mannfjölda Hagstofunnar í sveitarfélög.
2018:303

Mat á hættu vegna ofanflóða í Ólafsfirði (2005). Hættumatsnefnd Ólafsfjarðarbæjar.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Menningarstefna í mannvirkjagerð*.

Ólafsfjarðarvegur (82) Dalvík-Ólafsfjörður. Endurbætur og leiðaval. (2012) GeoTek, Reykjavík.

Ólafur K. Nielsen. (2001). *Fuglalíf við vegstæði í Héðinfirði og Ólafsfirði*. Reykjavík: Vegagerðin á Akureyri.

Páll Halldórsson (2005), *Jarðskjálftavirkni á Norðurlandi*, Veðurstofa Íslands – Greinargerð 05021.

Páll Líndal. (1982). *Bæirnir byggjast*. Skipulagsstjóri ríkisins og sögufélag, Reykjavík.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild. (2011). *Áhættuskoðun almannavarna 2008-2011*.

Siglingastofnun Íslands. (2011). *Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir árið 2011*.

Sigurður Sigurðarson (2018). *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð*. Vegagerðin, Reykjavík.

Stjórnarráð Íslands. (2020). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum*.

Stjórnarráð Íslands. (1982). *Bernar samningurinn*.

Stjórnarráð Íslands. (1975). *Ramsarsamningurinn um votlendi*.

Stjórnarráð Íslands. (2019). *Stefnumótun mennta- og menningarráðuneytis í íþróttamálum*.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024. (2013).

Sædís Gunnarsdóttir (2019). Bréf dags. 17.10.2019. *Staðfesting Minjastofnunar á stöðu fornleifaskráningar vegna aðalskipulags*. Minjastofnun Íslands, Akureyri.

Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033.

<https://www.althingi.is/altext/149/s/0174.html>

Vegagerðin, Jarðfræðistofan ehf. (2001). *Siglufjörður – Ólafsfjörður. Veggöng um Héðinsfjörð. Yfirlit yfir jarðfræði Tröllaskaga og aðstæður til jarðgangagerðar*.

Velferðaráðuneytið (2016). *Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014*.

Þorsteinn Jóhannesson (2010). Skv. tölvupóstssamskiptum dags. 5. mars 2010